

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2018, föstudaginn 11. maí var haldinn 331. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 10:06 að Borgartúni 12-14. Fundinn sátu: Elín Oddný Sigurðardóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Sverrir Bollason, Kristín Elfa Guðnadóttir, Áslaug Friðriksdóttir og Börkur Gunnarsson. Aheyrnarfulltrúi var Jóna Björg Sætran. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Regína Ásvaldsdóttir, Kristjana Gunnarsdóttir, Agnes Sif Andrésdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Sigprúður E. Arnardóttir. Fundarritari var Elínros Hjartardóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfinu á velferðarsviði á milli funda velferðarráðs.
 - Kl. 10.09 tekur Heiða Björk Hilmisdóttir sæti á fundinum.
2. Lögð fram tillaga sviðsstjóra, dags. 9. maí 2018, um tímabundna styrkingu á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur. Greinargerð fylgir tillögunni.
 - Kl. 10.12 tekur Ilmur Kristjánsdóttir sæti á fundinum.

Samþykkt.

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdarstjóri Barnaverndar Reykjavíkur, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram tillaga sviðsstjóra, dags. 9. maí 2018, um samstarf við velferðarráðuneytið um nýtt langtímaúrræði fyrir ungmenni í vanda. Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdarstjóri Barnaverndar Reykjavíkur, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram minnisblað dags. 7. maí 2018, um 5 ára fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2019 til 2023, ásamt yfirliti um skuldbindingar og áhættur í rekstri 2019 til 2023.

Agnes Sif Andrésdóttir, fjármálastjóri á skrifstofu velferðarsviðs, gerir grein fyrir málinu.

5. Lögð fram fjárfestingaáætlun velferðarsviðs, dags. 7. maí 2018, fyrir tímabilið 2019 til 2023.

Agnes Sif Andrésdóttir, fjármálastjóri á skrifstofu velferðarsviðs, gerir grein fyrir málinu.

6. Lagðar fram lykiltölur velferðarsviðs, dags. 8. maí 2018, frá janúar til mars 2018.

Fundi slitið kl. 10.45

Elín Oddný Sigurðardóttir formaður (sign)

Ilmur Kristjánsdóttir (sign)
Kristín Elfa Guðnadóttir (sign)
Börkur Gunnarsson (sign)

Sverrir Bollason (sign)
Heiða Björg Hilmisdóttir (sign)
Áslaug Friðriksdóttir (sign)